

### Hagnaður ársins 1.260 milljónir króna

Hagnaður Lánasjóðs sveitarfélaga nam 1.260 milljónum króna á árinu 2022 samanborið við 536 milljónir króna á árinu 2021. Hreinar vaxtatekjur í ár aukast um 82% á milli ára, sem rekja má til aukinnar verðbólgu og hækkun stýrivaxta.

Heildareignir sjóðsins í lok ársins voru 181 milljarður króna en voru 168 milljarðar í árslok 2021 sem er aukning um 8%. Heildarútlán sjóðsins námu 170 milljörðum króna í lok ársins samanborið við 160 milljarða í árslok 2021.

Markaðsverðmæti verðbréfaútgáfu nam 12,3 milljörðum króna samanborið við 29,2 milljarða króna á árinu 2021.

Eigið fé nam 20,9 milljörðum króna en var 19,6 milljarðar í árslok 2021. Vegið eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki er 537% með fullri mildun. Í árslok 2021 var hlutfallið 630%. Lánasjóðurinn nýtir sér mildunarákvæði við eiginfjáruþreikninga vegna útlána til sveitarfélaga í íslenskum krónum sem eru með veð í tekjum sveitarfélaga.

Stjórn sjóðsins leggur til að á árinu 2023 verði hluthöfum ekki greiddur út arður vegna afkomu ársins 2022 til að styrkja stöðu sjóðsins og tryggja vöxt eigin fjár.

Rekstur ársins	2022	2021	2020	2019	2018
Hreinar vaxtatekjur.....	1.251	686	803	982	1.013
Aðrar rekstrartekjur .....	279	102	200	27	41
Almennur rekstrarkostnaður.....	270	252	220	214	196
<b>Hagnaður ársins.....</b>	<b>1.260</b>	<b>536</b>	<b>783</b>	<b>795</b>	<b>857</b>

### Efnahagur 31. desember

Handbært fé.....	2.863	788	4.349	4.956	6.180
Ríkisbréf og ríkisvixlar.....	7.334	7.210	3.031	817	0
Markaðsverðbréf.....	265	167	448	411	0
Útlán og kröfur.....	170.229	159.876	135.722	110.653	99.051
Aðrar eignir.....	87	46	44	202	177
<b>Eignir samtals.....</b>	<b>180.778</b>	<b>168.087</b>	<b>143.593</b>	<b>117.040</b>	<b>105.408</b>
Verðbréfaútgáfa.....	158.290	146.577	122.529	95.275	84.536
Aðrar lántökur.....	1.510	1.810	1.905	3.395	2.878
Aðrar skuldir og skuldbindingar.....	120	102	97	91	82
<b>Skuldir samtals.....</b>	<b>159.920</b>	<b>148.490</b>	<b>124.532</b>	<b>98.761</b>	<b>87.496</b>
<b>Eigið fé.....</b>	<b>20.858</b>	<b>19.598</b>	<b>19.062</b>	<b>18.278</b>	<b>17.912</b>
CAD- hlutfall m/hefðbundinni mildun.....	56%	56%	61%	70%	77%
CAD- hlutfall m/fullri mildun.....	537%	630%	454%	392%	465%
Vogunarhlutfall.....	12%	12%	13%	16%	17%

### Framtíðarhorfur

Lánasjóður sveitarfélaga væntir þess að eftirspurn eftir útlánum verði meiri í ár en var árið 2022. Lánskjör hafa versnað til muna frá árinu 2022 vegna skarprar hækkunar verðbólgu og stýrivaxta. Sjóðurinn sjálfur er vel varinn gegn áhrifum þessara breytinga en lánskjör til sveitarfélaga hafa farið úr 1% raunvöxtum í 3% á einu ári. Lánasjóðurinn mun starfa í grundvallaratriðum svipað og undanfarin ár þar sem unnið hefur verið að eflingu á starfsemi hans og betri þjónustu við sveitarfélögin með því að nýta gott lánstraust sjóðsins til að uppfylla meginhlutverk hans.

Nánari upplýsingar veitir: Óttar Guðjónsson, framkvæmdastjóri, s. 515 4949.